

Heggur en hlífa skyldi

Jón Þórisson

Laugardagur 30. maí 2020
Kl. 08.14

DEILA



Fíkn hefur fylgt manninum um langa hríð. Allt það sem getur gefið stundarfrið frá daglegri angist, sem svo síðar reynist auka á angistina, hefur einhvern veginn verið förunautur okkar breyskra manna.

Það er staðreynd að menn á öllum tímum hafa sótt í afþreyingu af ýmsu tagi. Út á þetta hafa menn lengi gert, í því skyni að hagnast sjálfir.

Í seinni tíð hafa ýmsir aðilar, sem hafa mannúð og farsæld fólks að markmiði snúið sér að því að gera út á þennan veikleika í mannlegu eðli.

Um árabíl hefur hér á landi verið rekin spilastarfsemi á vegum fyrirtækisins Íslandsspil. Það er í eigu þriggja mannúðarsamtaka, Rauða krossins, SÁÁ og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Að auki eru hér starfræktir spilakassar á vegum Gullnámunnar, sem skila afrakstri sínum til Hapdrættis Háskólans.

Þegar kostnaður við starfrækslu þessara spilavíta og vinningar eru dregnir frá, er talið að hreinn hagnaður af starfseminni nemi hátt á annan milljarð króna árlega.

Þegar farsóttin geisaði var þessum stöðum lokað á grundvelli samkomubanns. Á þeim tíma voru fluttar fréttir af því að menn sem ánetjaðir voru þessari starfsemi hafi loks getað um frjálst höfuð strokið. Í Fréttablaðinu nýlega var saga tveggja manna sögð og rætt við vinnuveitanda þeirra. Í stað þess að sólunda hverri krónu lauss fjár í spilavítin og þurfa að reiða sig ítrekað á fyrir fram greidd laun og safna skammtímaskuldum, gátu þeir nú beðið launa sinna og leyft sér annars konar afþreyingu en að tvístíga við vítisvélarnar og tapa öllu sínu fé.

Í gegnum tíðina hafa sömuleiðis verið sagðar sögur fólks sem tapað hefur aleigunni í viðskiptum sínum við spilavíti og spilað jafnvel frá sér fjölskyldu og vini.

Það getur ekki verið að þeir aðilar sem fjármagna starfsemi sína og kenna sig við mannúð og farsæld, séu stolt af þessum þætti í starfsemi sinni. Og nú hefur hún hafist á ný, því þegar síðasta tilslökun var gerð á takmörkunum, opnuðu spilavítin dyr sínar á ný fyrir þeim sem eru ánetjaðir þessum ósköpum.

Hér er við að eiga tvíþætta fíkn. Annars vegar þeirra sem sogast að spilakössunum í vonlausri þrá eftir vinningi sem aldrei kemur, þó einn og einn smávægilegur falli þeim í skaut.

Hins vegar fíkn þessara svonefndu þjóðþrifafyrirtækja sem nærast á tekjum af þessari neyð, Háskólinn, SÁÁ, Rauði krossinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Það er greinilega ekki við því að búast að þessi fyrirtæki sjálf skrífi fyrir þessa starfsemi, svo nauðsynlegt sem það nú er.

Lagasetning er ekki lausnin við öllu, en hún er það í þessu hörmungarmáli.



Skoðun

Allir vildu Lilju kveðið hafa
Kolbeinn Öttarsson Þronné



Skoðun

Frelsið
Guðmundur Andri Thorsson



Fastir pennar

Áriðandi skilaboð
Guðmundur Steingrímsson



Skoðun

Ekki er sopið kálið
Eyþór Arnalds



Skoðun

Hlýnun á Íslandi í takt við hlýnun heimshafanna
Gunnlaugur H. Jónsson



Bakþankar

Framboð án eftirspurnar
Kolbeinn Marteinnsson

Sjá allt

MEST DEILT Í DAG



Sólrún Alda er ákveðin að lifa lífinu áfram eftir brunann



Príeykið kveður með samsöng í kveðjuhöfinu



Fráskildar endur hafa betlað Hlölla í áratug



Þetta voru lokaorð Viðis til íslensku þjóðarinnar



Stúlkur fluttar á sjúkrahús eftir að hafa neytt hlaups sem innihélt kannabis

Fara efst

Leit

Flokkar

- Fréttir
- Markaðurinn
- Sport
- Lífið
- Skoðun
- Tímamót

Fréttablaðið

- Hafðu samband
- Glamour
- Fasteignir
- Minningargreinar
- Andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar

Auglýsingar

- Frettabladid.is
- Fréttablaðið
- Sérblöð
- Glamour
- Raðauglýsingar
- Þjónustuaugl.
- Hringbraut

Torg ehf.

Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík
Sími 550 5000



MEST LESIÐ Í DAG



Barnabótaauki greiddur út í dag



Ekkert Parkódín Forte í apótekum landsins



Æskuástin birtist aftur



YouTube-stjarna skilar einhverfum ættleiddum syni



Fyrrverandi starfsmenn Capacent stofna nýtt ráðgjafafyrirtæki



Karlaklefar eru fyrir karla

NÝJAST



Skoðun

Saumaklúbbur ævina á enda
Margrét Kristmannsdóttir



Skoðun

Til varnar „kóvitum“
Sif Sigmarsdóttir



Skoðun

Heggur en hlífa skyldi
Jón Þórisson



Bakþankar

Ég kýs
Guðmundur Brynjólfsson



Fastir pennar

Áriðandi skilaboð
Guðmundur Steingrímsson



Fastir pennar

Engar lausnir
Hörður Ágísson

